

## Fjármögnunarleigusamningar ólöglegir

Héraðsdómur Reykjavíkur felldi dóm 19. apríl um að fjármögnunarleigusamningar eru ólögleg erlend lán. Dómurinn er í samræmi við hæstaréttardóm um kaupleigusamninga sem féll í fyrrasumar. Gera má ráð fyrir að dómnum verði áfrýjað til Hæstaréttar og mun niðurstaða sennilega liggja fyrir í byrjun sumars.

Í dómnum segir meðal annars að ekki verði séð að sóknaraðili (fjármögnunarleigan) hafi komið að kaupum á vélinni sem lánað var fyrir að öðru leyti en því að hann hafi verið skráður kaupandi til tryggingar á efdum á lánssamningi. Varnaraðili (verktakinn – notandinn) fór hins vegar samkvæmt framansögðu með öll réttindi og skyldur kaupanda og átti allar kröfur á hendur seljanda vegna hugsanlegra vanefnda.

Af gögnum málsins má ráða að umsamið leiguverð hafi verið ákvarðað út frá kostnaði sóknaraðila við fjármögnun kaupanna, en ekki raunverulegu verð-

mæti vélarinnar. Greiðslur varnaraðila til sóknaraðila tóku mið af því að endurgreiða upprunalegan höfuðstól, þ.e. kaupverð vélarinnar, að viðbættum vöxtum og vaxtaálagi.

Svo virðist sem meðferð kaupleigu- og fjármögnunarleigusamninga sem sóknaraðili gerði hafi efnislega verið eins. Um samningana giltu að stofni til sömu skilmálar, almennir samningsskilmálar sóknaraðila. Einnig er litið til þess að sóknaraðili færði ekki umrædda vél sem eign í bókhaldi sínu heldur færði hann kröfuna samkvæmt samningi aðila til eignar og voru tekjur af samningum vegna fjármögnunarleigu færðar sem vaxtatekjur en ekki leigutekjur.

Við úrlausn málsins verður enn fremur að horfa til þess að greiðslur samkvæmt samningi aðila báru vexti, en slík ákvæði eiga engan veginn við í leigusamningum.

Þessi niðurstaða er gríðarlega mikilvæg fyrir þau fjölmörgu fyrirtæki sem fjár-

Framhald bls. 3



## Hagstofan leiðréttir vísitölu byggingakostnaðar

Vísitala byggingakostnaðar var leiðrétt í apríl vegna alvarlegrar villu í útreikningum Hagstofunnar. Samtök iðnaðarins bentu Hagstofunni á ósamræmi milli þróunar vinnuliðs vísitölunnar og almennrar þróunar á markaði. Í kjölfarið endurskoðaði Hagstofan útreikningana. Vísitalan hækkar á einu bretti um 4,1% en án leiðréttingarinnar hefði hækkunin verið 0,5%. Þessi leiðrétting er vegna kerfisbundins vanmats á launakostnaði vísitölunnar frá mars 2010.

Árni Jóhannsson, forstöðumaður mannvirkjasviðs SI, segir að mörg fyrirtæki innan SI eigi mikilla hagsmuna að gæta enda sé algengt að verksamningar séu verðtryggðir með vísitölu. „Í stærstu tilvikum voru greiðslur til einstakra fyrirtækja á síðasta ári mörg hundruð milljónum króna of lágar vegna þess að byggingavísitalan mældi launakostnað vitlaust. Villan gerði það að verkum að verkkaupar fengu verkin of ódýrt á kostnað verktaka. Erfitt er að áætla umfang vandans en gera má ráð fyrir að um stórar upphæðir sé að ræða. Afar mikilvægt er að verkkaupar taki leiðréttingum Hagstofunnar vel og greiðslur til verktaka verði leiðréttar í samræmi við þessar breytingar. En það eru ekki bara verksamningar sem verðtryggðir eru með þessari vísitölu heldur leigu- og þjónustusamningar af

Framhald bls. 3



bls. 2

Óásættanlega skilyrðið

bls. 3

Nýr starfsmaður SI

bls. 4

Málstofa um erfðatækni

bls. 5

Nauðsynlegt að byggja fleiri íbúðir

bls. 7

Nýsköpun á sviði gæðastjórnunar

# Óásættanlega skilyrðið

Kjaraviðræður hafa staðið yfir undanfarna mánuði þar sem stefnan hefur verið tekin á þriggja ára samning á vinnumarkaði. Brýnt er að bæta kaupmátt fólks. Atvinnulífið hefur hins vegar ekki möguleika á að bæta kjör nema til komi umtalsverður hagvöxtur næstu árin. Talað er um að 5% hagvöxtur næstu árin þurfi að verða til að unnt sé að bæta kjör að raungildi og taka markverð skref til minnkunar atvinnuleysis.

Samtök á vinnumarkaði hafa lagt fram ítarlega áætlun sem gengur út á aðgerðir sem gætu orðið til að koma hagvexti úr engum eða lágum eins og stefnir í að óbreyttu og upp í þau 5% sem yrðu til að hraða endurreisn samfélagsins. Sú áætlun miðast við að allar atvinnugreinar landsins fái notið sín, að óvissu verði eytt og tækifærin nýtt sem hraðast en af öryggi og yfirvegun. Gildir það jafnt um nýtingu orkuauðlinda, uppbyggingu í stóriðju og öðrum iðnaði, sjávarútveg, ferðabjónustu og verklegar framkvæmdir, t.d. á sviði samgöngumannvirkja.

Til þess að ná þessum árangri hefur þurft að koma til samstaða um samninga milli atvinnurekenda og launþega en einnig atbeini ríkisstjórnarinnar vegna þeirra erfiðu aðstæðna sem hér ríkja.

## Mikilvægi óvina

Þrátt fyrir viðræður við ríkisstjórnina um þessi mál vikum og mánuðum saman hefur lítið þokast í samkomulagsátt og eru margir reyndar farnir að efast stórlega um raunverulegan vilja sumra ráðherra til að ná viðunandi niðurstöðum í þessum stóru hagvaxtarskapandi málum. Flókin pólitík virðist liggja að baki hjá ýmsum þar sem gott er að eiga umtalaða óvini til að halda hjörðinni saman!

Þegar vel hafði miðað í viðræðum atvinnurekenda og launþega um kjarasamning til þriggja ára og einungis var beðið eftir viðbrögðum stjórnvalda rann sú stund upp að menn urðu að meta það hvort útspil ríkisstjórnarinnar væru viðunandi – þá varð það niðurstaðan að svo væri ekki og því skorti forsendur til að ljúka þriggja ára kjarasamningi. Þá var ákveðið að freista þess að gera skammtímasamning með eingreiðslu. Í framhaldi af því átti að láta reyna betur á vilja stjórnvalda til að takast á við stóru málin.

## ASÍ hafnaði 100 þús. krónum til launafólks

Skammtímasamningur var tilbúinn

föstudaginn 15. apríl og gekk út á 50.000 króna eingreiðslu strax og væntanlega sömu fjárhæð næsta sumar. En þá gat launþegahreyfingin allt í einu ekki gengið frá samningi. Hvers vegna?

Jú, samkvæmt frásögn sumra forystumanna ASÍ í fjölmiðlum frá þeim tíma áttu vinnuveitendur skyndilega að hafa sett fram „óásættanleg skilyrði“ eins og það er ítrekað orðað, síðast í Kastljósi að kvöldi 27. apríl. Og hvaða skilyrði voru svona „óásættanleg“?

Þegar samkomulag varð milli helstu forystumanna ASÍ og formanns, varaformanns og framkvæmdastjóra SA um eingreiðsluleiðina þann 13. apríl, lagði SA fram drög að samkomulagi um eingreiðslu með texta sem fól í sér gagnrýni á ríkisstjórnina. Forysta ASÍ gerði enga athugasemd við þann texta. Þegar þessi sami samningur og óbreyttur texti lá svo á borðinu tveimur dögum síðar, þá hét það að menn hefðu skellt inn „óásættanlegum skilyrðum“ á síðustu stundu. Og það var látið duga til að ASÍ gekk frá samningnum og afþakkaði þessar greiðslur til tugþúsunda launþega þá strax. Síðan hefur verið haldið uppi linnulausu áróðursstríði um eftirafundnar skýringar á viðbrögðum ASÍ og landsambanda þess.

## Textinn ógurlegi

En hvernig var þessi að því er virðist skelfilegi texti?

Fyrst var lýst með almennum orðum hvernig unnið hefur verið að gerð samninga í vetur til þriggja ára þar sem markmið um hagvöxt, fjölgun starfa, minnkun atvinnuleysis og auknar fjárfestingar í atvinnulífinu voru höfð að leiðarljósi. Þá var fjallað um aðkomu og hlutverk ríkisstjórnarinnar við gerð samninganna. Varla hefur almenn umfjöllun um framgang mála valdið viðkvæmninni. Það hlýtur að hafa verið í lokin þegar nokkurrar gagnrýni gæti á ríkisstjórnina:

„ASÍ og SA hafa frá því á síðasta ári reynt að fá stjórnvöld til viðræðna um atvinnuleiðina í efnahagsmálum en talað fyrir daufum eyrum. Ekki er unnt að endurtaka mistökin í framkvæmd stöðuleikasáttmálans frá júní 2009, enda sögðu bæði ASÍ og SA sig frá honum vegna vanefnda ríkisstjórnarinnar.

Nú er þolinmæðin þrotin og samningsaðilar sjá ekki tilgang í að halda áfram viðræðum um þriggja ára kjarasamning. Nauðsynlegt er að í landinu sitji ríkisstjórn sem vill og getur skapað skilyrði



Helgi Magnússon  
formaður SI

fyrir atvinnuleiðinni út úr kreppunni. Núverandi ríkisstjórn hefur reynt ófær um það. Samningsaðilar telja fullreynt að árangur náist að þessu sinni og fresta því frekari viðræðum. Í stað þess er gert eftirfarandi samkomulag.“

Dæmi nú hver fyrir sig hvort þessi orð geti talist ósanngjörnt eða til þess fallin að forysta ASÍ þurfi að ganga frá borði án þess að ljúka skammtímasamningi sem hún hafði þó lagt mikla áherslu á. Hagsmuna hverra var verið að gæta? Fólksins í verkalýðsfélögnum eða var verið að hugsa meira um að hlífa laskaðri ásýnd ríkisstjórnar sem ræður illa við verkefni sín?

Þegar við í framkvæmdastjórn SA fundum hve þunglega þessu var tekið, þá buðum við að milda textann eða að ASÍ legði fram hugmynd að texta. En það var hvorugt þegið. Þess í stað var gengið frá borði! Og svo byrjað að tala um að allt hafi strandað á sjávarútvegi og að þolinmæði væri á þrotum og brýnt að vísa deilunni til sáttasemjara og farið í að hóta verkföllum og miklum skaða einstakra atvinnugreina.

## Jón eða séra Jón

Í ljósi þessa er fróðlegt að bera saman viðhorf ASÍ í þessu tilviki og þann 22. janúar árið 2009 þegar miðstjórn ASÍ ályktaði m.a. á þá leið að boðað yrði til þingkosninga og valin ný ríkisstjórn. Í ályktuninni sagði:

„Nú er þolinmæðin þrotin og miðstjórn ASÍ sér ekki tilgang í að halda kjaraviðræðum áfram fyrr en ný ríkisstjórn hefur tekið við völdum á Íslandi.“

Í janúar 2009 var við völd ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks en nú er það ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna.

Ekki sama hvort er Jón eða séra Jón! Þessi umdeilanlega framkoma breytir þó ekki hinu að sú skylda hvílir á okkur öllum að ljúka samningum, væntanlega til skemmri tíma til að byrja með. Vonandi tekst á endanum að ná sátt um þriggja ára samning.

Framhald af forsíðu

## Fjármögnunar-leigusamningar

ýmsu tagi. Hagsmunirnir eru því miklir og áhrifin geta verið víðtæk.“

Í kjölfar ábendinga SI mun Hagstofan enn fremur hverfa aftur til eldri aðferða við mat á launakostnaði þar sem launabreytingar taka mið af kjarasamningum og breytingar á öðrum launakostnaði milli mánaða. Ástæðan er sú að í vísitölunni sem tekin var upp í ársbyrjun 2010 notaði Hagstofan 12 mánaða meðaltal til að jafna út sveiflur sökum óreglulegra greiðslna. Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur SI, segir að þessi aðferð valdi því að launabreytingar séu alltaf 15 mánuði að koma inn í byggingavísitöluna því sé hún ekki að mæla nógu vel það sem er að gerast á þessum markaði á hverjum tíma. „Vissulega er aðferðin sem felst í að taka launagögn beint frá fyrirtækjunum tölfraðilega betri en það er ótækt að svo mikil töf sé á þessum gögnum og þetta kom verktökum raunar mjög á óvart“.

Bjarni Már segir að villan komi raunar við alla landsmenn þar sem byggingavísitalan sé notuð við útreikning á undirvísitölu fyrir viðhald á húsnæði í vísitölu neysliverðs.

„Lauslegt mat Hagstofunnar er að vísitala neysliverðs hækki um allt að 0,2% í maí vegna þessa. Ljóst er að þetta er álitshnekkir fyrir Hagstofuna og getur rýrt traust notenda á gögnum þaðan. Hins vegar tók Hagstofan ábendingum SI vel og fara nú í forðæmalausa leiðréttingu á gögnum sínum.“



## Nýr starfsmaður Samtaka iðnaðarins

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir hefur hafið störf hjá Samtökum iðnaðarins sem forstöðumaður hugverkaíðnaðar og menntunar.

Katrín Dóra lauk MBA frá Háskólanum í Reykjavík árið 2009 en hefur einnig lokið B.Sc. námi í viðskipta- og rekstrarfræði og kennsluréttindum.

Hún hefur sinnt ýmsum verkefnum s.s. fjármála- stjórnun hjá Dalvíkurbyggð og Fjarðabyggð, mannauðsstjórnun hjá Norðenska matborðinu, framkvæmdastjórnun Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar auk verkefnisstjórnun smærri verkefna.



## Alcoa Fjarðaál veitir 38 milljónum króna til samfélagsverkefna

Alcoa Fjarðaál veitti í apríl 26 styrki til samfélagsverkefna á Austurlandi að upphæð samtals 38 milljónir króna. Afhendingin fór fram í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði.

Stærsti einstaki styrkurinn, rúmlega 17 milljónir króna, er styrkur sem Samfélagssjóður Alcoa í Bandaríkjunum veitir Háskólanum í Reykjavík til að vinna að því með Verkmenntaskóla Austurlands og Þekkingarnetinu, að efla þekkingarsamfélag í Fjarðabyggð. Styrkurinn er til þriggja ára. Þá fékk Kirkju- og menningarmiðstöðin á Eskifirði tæplega tveggja milljón króna styrk frá Samfélagssjóði Alcoa. Aðrir sem fengu styrki voru

Íþrótt- og ungmennafélög og menningarviðburðir á borð við 700IS Hreindýraland og Jasshátíð Austurlands en Fjarðaál hefur styrkt þessa viðburði árlega.

Skógræktarfélag Reyðarfjarðar hlaut einnig rúmlega einnar milljóna króna styrk til að gróðursetja 1000 plöntur. Mörg smærri samfélagsverkefni fengu einnig styrki, til dæmis Björgunarsveitin Brimrún á Eskifirði, Tengslanet austfirskra kvenna, Ferðafélag Fjarðamanna, Menningarráð Austurlands og áhugahópur um rathlaup á Austurlandi. Þá voru einnig veittir styrkir til félagsmiðstöðva barna og unglunga í Fjarðabyggð og til tónlistarsumarbúða barna á Eiðum.

Framhald af forsíðu

## Leiðrétt byggingavísitala

mögnuðu tæki og tól með þessum samningum. Þó er ekki vitað hversu umfangsmikil áhrif verða af dómnum, ef eða þegar, Hæstiréttur staðfestir hann. Hins vegar er vitað að dómurinn er ekki bundin við neina einstaka starfsgrein. Fyrirtæki í öllum starfsgreinum nýttu sér slíka samninga. Verktakar voru áberandi meðal lántakenda en SI hafa spurnir af

fyrirtækjum í hefðbundinni verksmiðjuframleiðslu, bakaríum, prentsmiðjum, bílaleigum, fiskvinnslufyrirtækjum, húsgagnaframleiðendum og mörgum fleiri sem öll eiga það sameiginlegt að hafa fengið þessi ólöglegu lán og bíða leiðréttingar, bæði til lækkunar á höfuðstóli og mánaðarlegum greiðslum. Lækkun á höfuðstól mun vonandi rétta efna-

hag fyrirtækjanna við, gera þeim kleift að hefja fjárfestingar, efla sig og gera hæfari til nýrrar sóknar og uppbyggingar. Dómurinn er því mikilvægt innlegg í endurreisnina sem vonandi er brátt að hefjast.

# Málstofa um erfðataekni



Tæplega 100 manns sóttu málstofu Samtaka íslenskra líftæknifyrirtækja og Samtaka iðnaðarins um erfðataekni, notagildi og möguleika til atvinnusköpunar á Grand Hótel Reykjavík.

Markmið málstofunnar var að auka þekkingu og skilning á erfðataekni og notagildi hennar í nútíð og framtíð, með

sérstaka áherslu á nýtingamöguleika erfðataekninnar til atvinnusköpunar. Jóhannes Gíslason, formaður SÍL opnaði fundinn og afhenti Þorsteini G. Gunnarsyni frá KOM almannatengsl fundarstjórn.

Fjallað var um sögu erfðataekninnar, kosti og takmarkanir og hugtök skil-

greind sem nota má til faglegrar og upplýstrar umræðu. Fyrirlesarar komu frá fyrirtækjum og rannsóknastofnunum og gerðu grein fyrir sinni sýn á erfðataeknina, hvernig hún er notuð í dag, þróun og framtíðarsýn.

Fyrirlesarar voru Gðumundur Eggertsson, prófessor emeritus við Háskóla Íslands, Áslaug Helgadóttir, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, Helga M. Pálsdóttir, matvælafræðingur hjá Matvælastofnun, Einar Mäntylä, ORF Líftækni, Ólafur S. Andrésson, prófessor í erfðafræði við Háskóla Íslands og Arnar Pálsson, dósent í erfðafræði, þróunarfræði og skyldum greinum við Háskóla Íslands.

Að erindum loknum var efnt til pallborðsumræðna með þátttöku allra fyrirlesara. Líflegar umræður spunnust enda höfðu fundargestir margs að spyrja, m.a. um hvort vænta megi að varúðarreglunni verði í framtíðinni beitt í annarri löggjöf á svipaðan hátt og gert hefur verið fyrir erfðataekni.

## Fimm viðskiptahugmyndir verðlaunaðar

Atvinnu- og nýsköpunarhelgin fór áfram á Akureyri 15-17. apríl. Forseti Íslands opnaði helgina þar sem yfir 70 manns komu og kynntu 27 viðskiptahugmyndir. Þátttakendur gátu valið um hvaða viðskiptahugmyndir væru bestar og unnið að þeim hugmyndum sem fengu mestan hljómgrunn.

Í kjölfarið tók við 48 klukkustunda vinnusmiðja sem stýrð var af Innovit nýsköpunar og frumkvöðlasetri. Í vinnusmiðjunni áttu þátttakendur að koma sem mestu í framkvæmd og fengu leiðsögn frá fjölmörgum sérfræðingum frá svæðinu sem unnu náði með þeim yfir vinnutímann.

Í heildina var ein milljón íslenskra króna í verðlaun. Af þeim fóru 800.000 krónur til þriggja efstu sætanna, en 200.000 krónur fóru í aukaverðlaun.

**Arctic Ocean World – 1. sæti**  
Hugmyndin snýst um að stofna sjávardýragarð á Akureyri. Áætlað er að yfir



100 þúsund ferðamenn geti gert sér ferð á safnið árlega.

### Metan úr Héraði – 2. sæti

Markmiðið er að koma af stað Metan framleiðslu. Áætlað er að verkefnið geti skapað 30-50 störf á komandi árum.

**Stub Hygiene – 3. sæti** Hugmyndin er að búa til fyrirtæki sem útbýr hreinsibúnað fyrir staurfótanotendur. Áætlað er að yfir 200.000 staurfótanotendur í Bandaríkjunum eingöngu glími við vandamál sem snýr að hreinsunum á staurfótum.

**Upplifun, ævintýri innan seilingar**  
Fyrirtækið mun selja upplifunarpakka á internetinu.

### Cast Productions

Fyrirtækið sérhæfir sig í myndbanda-

gerð fyrir stærri og smærri fyrirtæki. Ódýrar og góðar lausnir fyrir fyrirtæki sem mikil eftirspurn er eftir.

Sjálfstæðir atvinnurekendur á Akureyri söfnuðu saman stuðningi frá meira en 20 fyrirtækjum og stofnunum til að leggja verkefninu lið. Innovit aðstoðaði við skipulagningu og stýrði verkefnum helgarinnar en fjölmargir aðrir sérfræðingar, t.d. frá Stefnu Hugbúnaðarhúsi, Háskólanum á Akureyri, Atvinnuþróunarfélögunu, Akureyrarbæ og Nýsköpunarmiðstöð Íslands komu yfir helgina og aðstoðuðu þátttakendur við verkefnið.

Samtök iðnaðarins voru meðal styrktaraðila.

# Nauðsynlegt að byggja fleiri íbúðir

Sá þáttur efnahagsstarfseminnar, sem Söðru fremur hefur knúið kreppluna, er lítil fjárfesting. Það gildir um alla þætti fjárfestingar á vegum hins opinbera, atvinnulífsins og íbúðarhúsnæðis. Árið 2010 náði fjárfesting, sem hlutfall af landsframleiðslu, sögulegu lágmarki í kringum 13%. Mikilvægasta skrefið til að auka umsvif í hagkerfinu er að fjárfesting taki við sér. Í almennri umræðu er helst talað um atvinnuvegafjárfestingu en þrátt fyrir kreppluna er að myndast veruleg þörf fyrir aukna fjárfestingu í íbúðarhúsnæði. Aukin velta á íbúðamarkaði og mikil spenna á leigumarkaði bera þess skýr merki. Mikilvæg forsenda þess að vaxandi þörf er á húsnæði liggur einnig í lýðfræðilegri samsetningu landsmanna.

## Fjárfesting

Árið 2010 dróst fjárfesting í íbúðum saman um 17% en árið áður var samdrátturinn 55,5%. Tölur benda til að byrjað hafi verið á sárafaum nýjum íbúðum undanfarin tvö ár og að uppistaðan í fjárfestingum hafi falist í að fullgera húsnæði sem þegar var í byggingu.

Það eru að mörgu leyti eðlileg viðbrögð við efnahagskreppu að fjárfesting dragist saman. Aðgangur að lánsfjármagni hefur verið takmarkaður, fjármagnskostnaður hár, veðrymi lítið, takmörkuð lánsveð og almenn óvissa í efnahagslífinu. Úr flestum þessara þátta hefur að undanförunu verið að rætast og möguleikar á að fjárfesta í íbúðarhúsnæði hafa batnað.

Rétt er að minna á að í gildi eru ákvæði um fulla endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna á byggingastað árið 2011. Ennfremur eru tímabundið í gildi lög um skattaívilnun vegna greiðslu fyrir vinnu við viðhald og endurbætur á íbúðar- og frístundahúsnæði. Þessar ívilnanir valda því að framkvæmdir á þessu ári eru sérstaklega hagkvæmar, einkum þegar húseigendur er líka greiðendur tekjuskatts.

## Húsnæðismarkaður að ná jafnvægi

Fasteignamarkaðurinn hefur verið í mikilli lægð síðan í árslok 2007. Krepplan í byggingariðnaði og á húsnæðismarkaði hófst ári fyrr en í hagkerfinu almennt. Fasteignaverð byrjaði að lækka, velta á fasteignamarkaði að dragast saman og framleiðsla nýrra íbúða stöðvaðist að mestu. Yfir lengri tímabil er nokkuð sterkt samband umsvifa á fasteignamarkaði og tekjuþróunar landsmanna. Ljóst er að í kjölfar rýmkunar útlánaheimilda Íbúðalánasjóðs og innkomu



bankanna á fasteignalánamarkaðinn jókst spenna mjög á markaðnum. Verð hækkaði mikið, aukinn kraftur var settur í nýbyggingar og stór bóla myndaðist sem hlaut að springa að lokum. Fasteignaverð hækkaði langt umfram það sem efnahagslífið og tekjur landsmanna gátu staðið undir.

Sterkar vísendingar eru um að nýtt jafnvægi sé að myndast á þessum markaði. Velta á markaðnum undanfarna mánuði er hin mesta frá árslokum 2007 þótt sala sé er tiltölulega lítil. Spenna á leigumarkaði gefur ennfremur tilefni til að ætla að veruleg þörf sé á húsnæði. Húsnæðisverð hefur lækkað mikið að raungildi og færa má rök fyrir því að það hafi verið nauðsynleg leiðrétting til að markaðurinn sé í takti við almenna efnahagsþróun. Samanburður á þróun fasteignaverðs og kaupmáttar launa bendir til að jafnvægi sé að nást á þessum markaði og líklegt er að kaupmáttur geti tekið lítillega við sér í kjölfar nýrra kjarasamninga.

## Mannfjöldinn styður við markaðinn

Til skamms tíma ræðst eftirspurn eftir húsnæði að mestu af efnahagslegum þáttum, s.s. tekjum, vöxtum, aðgengi að fjármagni. Lýðfræðilegir þættir, s.s. mannfjöldi og aldurssamsetning skipta einnig miklu fyrir þróun fasteignamarkaðarins, einkum yfir lengri tímabil. Frá þessum sjónarhóli er margt sem bendir til aukinnar þarfar fyrir nýtt húsnæði. Þar skiptir heildaríbúðafjöldi miklu en ekki síður sá fjöldi fólks sem kemur nýr inn á fasteignamarkaðinn sem kaupandi.

Í umræðum undanfarin misseri hefur verið vísað til þess að neikvæðir nettófólksflutningar frá landinu valdi auknu framboði á húsnæði og veiki þar með markaðinn. Þá er hins vegar horft fram-



hjá þeirri staðreynd að undanfarin 10 ár hefur árleg fjölgun landsmanna verið tæplega 3000 manns, þ.e. fæddir umfram látna. Raunar hefur sá fjöldi haldist nokkuð óbreyttur frá árinu 1950. Vissulega hafa fólksflutningar til og frá landinu líka áhrif. Árin 2009 og 2010 voru brottfluttir umfram aðflutta tæplega 7 þúsund. Á móti voru aðfluttir umfram brottflutta árin 2005-2008 rúm 15 þúsund. Í árslok 2011 voru Íslendingar 318.000 talsins eða aðeins 800 færri hámarkinu í ársbyrjun 2009. Til samanburðar voru landsmenn 293.500 árið 2005. Flest bendir til að Íslendingum muni áfram fjölga með svipuðum hætti og áður, þ.e. um 3000 manns á ári. Í áruna rás hefur sú fjölgun haft í för með sér að árleg framleiðsla á íbúðum hefur verið á bilinu 1.200-1.500.

Í þessu samhengi skiptir ekki síður miklu að inn á markaðinn streymir nú ungt fólk í óvenju miklum mæli. Einir fjölmennustu árgangar Íslandssögunnar eru fæddir á árunum 1989-1993. Sá hópur fer nú að nálgast þann aldur sem þarf eigið húsnæði. Til að að bregðast við þeirri þörf er nauðsynlegt að auka framboð nýs húsnæðis, einkum lítils og vel staðsetts.

## Formannaskipti í Icelandic Gaming Industry (IGI)

Nýr stjórnarformaður hefur tekið við störfum í Icelandic Gaming Industry (IGI). Sigurlína Valgerður Ingvarsdóttir tók við af Erlu Bjarneyju Árnadóttur 15. mars.

Sigurlína og Erla unnu að stofnun IGI á haustdögum 2009 og hefur Erla Bjarney sinnt formanns- störfum frá stofnun samtakanna en Sigurlína, sem er iðnaðarverkfræðingur að mennt og vinnur sem yfirframleiðandi á þróunarsviði CCP, hefur setið í stjórn frá árinu 2010.

IGI var formlega stofnað af fyrirtækjum í tölvuleikjaiðnaðinum á Íslandi undir regnhlíf Samtaka iðnaðarins þann 25. september 2009. Markmið IGI er að vinna að hagsmuna- og stefnumálum tölvuleikjaframleiðanda og tengds iðnaðar og taka virkan þátt í að móta stefnu markvissrar þróunar hátækni- iðnaðar á Íslandi. Aðrir í stjórn IGI eru: Ólafur Andri Ragnarsson – Betware, Helgi Már Bjarnarson Fort North, Jóhann Þorvaldur Bergþórsson Dexoris, Sigurður Eggert Gunnarsson – Gogogic, Eyjólfur Guðmundsson - CCP.



### Mikill uppgangur í líftækniíðnaði

Vel á annað hundrað manns sóttu fund um líftækniíðnaðinn í húsakynnum Matís þar sem komu fram mikilvægar upplýsingar um allt sem tengist þessum arðbæra en þó ögrandi iðnaði.

Mikill uppgangur er í líftækni og tengdum greinum á Íslandi og vilja margir meina að vaxtarbroddar framtíðarinnar liggja þar. Matís er í góðum tengslum við líftækniíðnaðinn og eru t.a.m. mörg verkefna Matís unnin í samstarfi við fyrirtæki þar. Í kjölfar fundarins var gestum boðið að skoða húsnæði að Vínlandsleið 14 en þar hafa nokkur fyrirtæki, sem eru í nánu samstarfi við Matís, komið sér fyrir og var um formlega opnun að ræða á þeim hluta hússins.



### 40 ára samstarfsafmæli

Félag hágreiðslumeistara á Norðurlandi efndi til veislu á Götubarnum, Akureyri 30. mars í tilefni af 40 ára samstarfsafmæli Helgu Jóhannsdóttur og Elsu Björnsdóttur.

Samvinna Helgu og Elsu hófst á hárgreiðslustofunni Snyrtihúsið Vörusalan í Hafnarstræti 100. Nú reka þær saman hárgreiðslustofuna Snyrtihúsið við Skipagötu og hafa á þeim 40 árum sem þær hafa unnið saman aldrei orðið sundurorða.

Á fjórða tug félagsmanna komu saman til að fagna með þeim stöllum og lyftu glasi þeim til heiðurs.



### RóRó hlýtur Gulleggið 2011

Sprotafyrirtækið RóRó sigraði í frumkvöðlakeppni Innovit um Gulleggið 2011. RóRó er viðskiptahugmynd Eyrúnar Eggertsdóttur sem hefur fundið upp tæki sem hjálpar ungbörnum að sofa betur, líða betur og eykur öryggi þeirra. Eyrún vinnur nú að því að vinna hugmyndinni brautargengi á alþjóðamarkaði og sækja um einkaleyfi. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra afhenti sigurlaunin við fjölmenna athöfn á Háskóla- torgi. Öflugar athafnakonur röðuðu sér einnig í önnur verðlaunasæti, en í 2. sæti varð sprotafyrirtækið **Puzzled by Iceland**, sem stofnað var af Guðrúnu Heimisdóttur og Þóru Eggerstdóttur. Í þriðja sæti varð **fyrirtækið Pink Iceland** sem stofnað var af Evu Maríu Þórarinsdóttur Lange og Birnu Hrönn Björnsdóttur. Sjá nánar á [www. si.is](http://www.si.is).

# Nýsköpun á sviði gæðastjórnunar

Samtök iðnaðarins bjóða aðstoð við innleiðingu gæðastjórnunar ásamt uppbyggingu og miðlægri vistun gæðakerfa í mánaðalegri áskrift.

Í rúman áratug hafa SI lagt áherslu á að hvetja og aðstoða félagsmenn sína til að tileinka sér aðferðafræði gæðastjórnunar. Samtökin gerðu á sínum tíma drög eða sýnishorn af gæðakerfi sem félagsmönnum hefur staðið til boða að laga að eigin rekstri. Kerfið hefur í tímans rás smám saman þróast yfir í vefræna útfærslu. Nú hefur skreifið verið tekið til fulls með því að bjóða félagsmönnum aðstoð við að innleiða og byggja upp gæðakerfi á miðlægum grunni.

## Byltingarkennd þjónusta á ári nýsköpunar

Nú geta félagsmenn SI byggt upp eigið gæðakerfi og skráarvistun á vefnum. Með þeim hætti geta þeir nálgast eigið gæðakerfi og gögn sem tilheyra tilteknum verkum hvar sem þeir komast í netsamband. Starfsmaður SI gegnir að vissu leyti hlutverki sem gæðastjóri fyrirtækjanna þar sem hann aðstoðar þau við að byggja upp gæðakerfið og sem ráðgjafi og leiðbeinandi þegar á þarf að halda. Samhliða aðstoð við uppbyggingu gæðakerfisins stendur námskeið til boða þar sem kennt verður á gæðakerfið og fjallað um daglega notkun þess. Ennfremur verður fjallað um hugmyndafræði og þýðingu gæðastjórnunar með tilliti til krafna um gæðastjórnun í Mannvirkjalögum.

## Aðgangsstýring og örugg afritunartaka

Sérhver notandi fær aðgangsorð til að komast inn í eigið gæðakerfi. Þar með öðlast viðkomandi aðgang að ótal dæmum um verklagsreglur og eyðublöð sem



hann getur gert að sínum og vistað í eigin gæðakerfi. Þannig geta viðkomandi fyrirtæki vistað skrár og skjöl sem tilheyra tilteknu verki eins og krafist er í nýjum Mannvirkjalögum. Gæðakerfin og gögn, sem þeim fylgja, eru vistuð hjá þekkingu – Tristan hf. sem tryggir reglubundna afritun af öllum gögnum.

## Kröfur í mannvirkjalögum

Markmiðið með þessu framtaki SI er m.a. að auðvelda félagsmönnum að bregðast við kröfum um gæðastjórnun og gæðakerfi í nýjum Mannvirkjalögum. Opinberir verkkaupar hafa um árabíl gert sambærilegar kröfur til verktaka og sú þróun byggist að miklu leyti á þeirri reynslu sem Samtökin hafa öðlast í gegnum árin við að aðstoða félagsmenn á þeim vettvangi. Það gerir fyrirtækjum í óskyldum rekstri ennfremur kleift að nýta sér þessa þjónustu til fulls.

## Námskeið heima á skrifstofu

Nýrri áskrift að kerfinu fylgir aðgangur að námskeiði með nýju sniði. Þátttak-

endur sitja fyrir framan eigin tölvu þar sem þeir eru í netsambandi og fylgjast með fyrirlestrum, fá leiðbeiningar og vinna að eigin gæðakerfi undir stjórn verkefnisstjóra SI.

## Verði stillt í hóf

Samtökin hafa lagt sig fram við að leita bestu kjara við hýsingu og þjónustu á nauðsynlegum hugbúnaði. Félagsmenn SI, sem gerast áskrifendur að gæðakerfinu, greiða vægt stofngjald þar sem námskeið og námskeiðsgögn eru innifalín en eftir það greiða þeir eingöngu fast mánaðargjald fyrir notkun gæðahandbók- ar og vistun gagna. Öll ráðgjöf, þjónusta og aðstoð umfram það, sem er innifalið í stofngjaldinu, er einnig innifalín í mánaðargjaldinu.

## Fyrsta skreifið

Þeir sem óska eftir frekari kynningu eða vilja gerast áskrifendur að kerfinu hafi samband við Ferdinand Hansen, verkefnastjóra gæðastjórnunar hjá SI, [ferdinand@si.is](mailto:ferdinand@si.is).

## Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins  
4. tbl. 17. árg. Apríl 2011  
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 2.5.2011  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Plastpökkun: Bjarkarás  
Ljósmyndir: Odd Stefán  
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,  
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala: 511093-2019  
[www.si.is](http://www.si.is), netfang: [ritstjorn@si.is](mailto:ritstjorn@si.is)  
Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson  
Ritstjóri: Rakef Pálsdóttir  
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.



## Hvað er að fréttu?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna [www.si.is](http://www.si.is) Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið [rakel@si.is](mailto:rakel@si.is)



# Iðnnám ... nema hvað?

Iðnnám veitir þér aðgang að skemmtilegu, skapandi og vel launuðu starfi og gefur þér kost á háskólanámi. Iðnnám skapar þér óteljandi möguleika.

Kíktu á framboðið á [www.idan.is/nam-og-storf](http://www.idan.is/nam-og-storf)  
- þar eru yfir 60 námsgreinar í boði.

